

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 678/2010, um bann við dragnótaveiðum.

1. gr.

3. tl. 1. gr. orðist svo:

Hrútafjörður – Miðfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er þvert yfir utanverðan Hrútafjörð og Miðfjörð eftir $65^{\circ}26' N$. Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. er vesturhluti Hrútafjarðar opinn fyrir veiðum með dragnót vestan línu sem dregin er eftir $21^{\circ}08' V$, frá og með 1. júní til 1. mars utan línu sem dregin er eftir $65^{\circ}23' N$ og frá og með 1. nóvember til og með 31. janúar utan línu sem dregin er eftir $65^{\circ}21' 50 N$ og vestan línu sem dregin er eftir $21^{\circ}08' V$. Miðfjörður er opinn fyrir veiðum með dragnót utan línu sem dregin er eftir $65^{\circ}23' N$ á tímabilinu frá og með 1. júní til 1. mars.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 29. desember 2010.

Jón Bjarnason.

Jóhann Guðmundsson.